

Eyðublað (**EBL-131**) sem fylgja skal sýni er að finna í gæðahandbók MAST og á vef Keldna, hér:

http://keldur.is/eydublod_og_rannsoknarbeidnir

1. **Sýnataka:** Gott er að nota sérstaka sýnatökuskeið, sem hægt er að fá senda frá Keldum.
 - a. **Nautgripir:**
 - Afhausið gripinn við banakringlu (efsta hálslið).
 - Leggið hausinn á hvolf og farið með sýnatökuskeið eða löngum hníf meðfram mænukylfu (efsti hluti mænunnar) til að losa um.
 - Með sýnatökuskeið eða venjulegri skeið, er 7-8 cm bútur tekinn úr mænukylfu.
2. Látið sýnið í sýnaglas eða hreinan plastpoka ásamt eyrnamerkinu og lokið vel. Ef ekkert eyrnamerki er með sýni, þá þarf að skrifa bæjarnúmerið og númer dýrs á lokið á glasinu eða á pokann. Sýnið verður að vera rekjanlegt til upprunabæjar og dýrs.
3. Ef um fleiri gripi frá sama bæ er að ræða, safnið þá öllum sýnaglösum/pokum í plastpoka, lokið honum tryggilega, setjið síðan annan glæran plastpoka utanyfir og ofan í hann miða með upplýsingum um búið og fjölda sýna, sjá rannsóknarbeiðni.
4. Sýnin eru síðan sett í kassa ásamt kælieiningu og send eins fljótt og kostur er. Frystið sýnin ef þau eru ekki send strax.
5. Merkið kassann með eftirfarandi hætti:

Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum,

Keldnavegi 3

112 Reykjavík

Kælivara v/riðuskimun